



Reykjavík, 28. október 2024

VEL24100080

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### Efni: *Drög að samningi um samstarf á sviði endurhæfingar*

Þann 15. febrúar sl. undirrituðu félags- og vinnumarkaðsráðherra og heilbrigðisráðherra yfirlýsingu um samstarf þjónustukerfa á sviði endurhæfingar. Á grundvelli nefndrar yfirlýsingar liggja nú fyrir drög að samningi um samstarf milli þeirra þjónustukerfa sem um ræðir, þ.e. Tryggingastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga, VIRK-starfsendurhæfingarsjóðs, vinnumálastofnunar og heilsugæslustöðva.

Tilgangur samningsins er að stuðla að því að rétt þjónusta í endurhæfingu einstaklinga sé veitt á réttum tíma og að samfella sé í fjárhagslegum stuðningi sem ofangreindir aðilar veita sem og að nálgunin verði samfelld og heildstæð hjá þeim sem þurfa á þjónustu fleiri en eins aðila að halda, einkum hjá þeim sem eru með fjölþættan vanda og leita eftir þjónustu hjá ólíkum þjónustuaðilum. Markmiðið er að slík samvinna auki færni einstaklinga til virkni í samfélaginu, þ.m.t. til þátttöku á vinnumarkaði.

Með samningnum verða a.m.k. sex samhæfingarteymi sett á laggirnar á landsvísu, þar af a.m.k. tvö á höfuðborgarsvæðinu en hlutverk þeirra er að tryggja að einstaklingar sem þurfa þjónustu fleiri en eins þjónustuaðila njóti heildstæðrar nálgunar í endurhæfingu.

Tryggingastofnun mun starfrækja sérstaka þjónustugátt í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir þá meðferð og endurhæfingarþjónustu sem einstaklingar fá og til að stuðla að samfelli í greiðslum hjá þeim sem þurfa þjónustu fleira en eins kerfis.

Til stendur að undirrita samninginn, sem er ótímabundinn, á fundi stjórnenda í velferðarþjónustu þann 31. október 2024 en aðrir undirriti rafrænt. Samningurinn tekur gildi 1. september 2025. Skili samstarfið ekki tilætluðum árangri má endurskoða samninginn eins oft og þurfa þykir að mati samningsaðila.



Reykjavík